



### 13. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 12. október 2020 á fjarfundi.

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gissur Jónsson (GJ), Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

1. Fundur settur kl. 17:07
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.  
AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
3. Fundargerðir og mál frá nefndum.
  - 18. - 20. fundargerðir framkvæmdastjórnar lagðar fram til kynningar.
4. 43. sambandsráðsfundur.  
Nú er orðið ljóst að vegna Covid-19, getur sambandsráðsfundur ekki farið fram með venjubundnum hætti 23.-24. október. Stjórn samþykkir því að halda stuttan sambandsráðsfund á fjarfundi fimmtudaginn 29. október, síðdegis. Stefnt er að því að halda fund með forsvarsfólki sambandsaðila þegar aðstæður leyfa.

GG kom inn á fundinn kl. 17:40.

5. Fjármál.  
Íslensk getspá hefur greitt út aukagreiðslu til eignaraðila að fjárhæð 300 milljónir króna. Hluttur UMFÍ er 40 milljónir króna sem stjórn samþykkir að greiða út til sambandsaðila í samræmi við reglugerð um skiptingu lottótekna UMFÍ. Jafnframt samþykkir stjórn að af þeim hluta sem eftir situr hjá UMFÍ samkvæmt reglugerðinni, fari 5 milljónir króna í niðurgreiðslu langtímaskulda.
6. Önnur mál.
  - Tilnefning í starfshóp um rafleiki/rafíþróttir.
    - Framkvæmdastjóra falið að halda áfram með málið í samræmi við umræður á fundinum og leggja fram tillögur á næsta stjórnarfundum.
  - Ársáætlun stjórnar fyrir árið 2021 lögð fram til kynningar.
    - Framkvæmdastjórn falið að vinna áfram að málinu.
  - Rætt um úthlutanir sjóða.
  - Rætt um umhverfismál og kolefnisjöfnun.

SÓJ ritaði fundargerð.  
Fundu slitið kl. 18:47